

SIGRÚN MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR
OG GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Afsakið þetta smáræði!

Inngangur að þema

Verið hjartanlega velkomin. Komið inn, gæðið ykkur á kökunum. Má ekki bjóða ykkur kaffi? Fáðið ykkur endilega meira; það er nóg til frammi.

Lengst framan af var konum ætlað að vera húsmæður og annast börn og bú. Þær áttu að vera hjarta heimilisins og bjóða alla velkomna sem þangað leituðu meðal annars með kaffi og veitingum. Í kjölfar annarrar bylgju femínisma voru fastmótuð hlutverk kvenna gagnrýnd og endurskoðuð jafnt í samfélagsumræðu, bókmenntum og listum. Í íslensku samhengi er nærtækt að minnast Svövu Jakobsdóttur sem var málefnið hugleikið bæði í pólitík og skáldskap sínum. Myndin á forsíðu *Ritsins* er að þessu sinni eftir Ragnheiði Jónsdóttur og nefnist *Deluxe and Delightful* og er frá árinu 1979. Eins og sjá má er staða kvenna viðfangsefni Ragnheiðar, í stað heila lekur kaka niður andlit konunnar á myndinni sem minnir á grátbroslegan hátt á að konan hefur um fátt annað að hugsa en að baka hnallþórir fyrir gesti og gangandi. Ekki einungis tekur kakan yfir hugarstarf konunnar heldur byrgir henni sýn. Föst í viðjum heimilishaldsins (eða „á bak við eldavélina“) hefur hún hvorki rými né tíma til þess að afla sér þekkingar, auka vísýni, sinna áhugamálum sínum eða ástríðum.

Ekki einungis var húsmóðurhlutverkið gagnrýnt á þessum tíma heldur beittu konur sér fyrir ýmsum réttindum kvenna; svo sem yfirráðarétti yfir eigin líkama, jöfnum rétti til náms og starfa og bættum launakjörum. Kynferðismál voru til umræðu en í því skyni var byrjað að ræða opinberlega



um heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi gegn konum og börnum en þar voru framarlega í flokki konur sem tilheyrðu Rauðsokkahreyfingunni og Kvvennalistanum. Þótt baráttan gegn ofbeldinu hafi hafist fyrir áratugum er henni hvergi nærri lokið eins og nýlegar byltingar á samfélagsmiðlum vitna um eða með orðum rauðsokka úr leikþætti sem þar fluttu þann 24. október 2022:

Metoo-hreyfingin er eiginlega í réttu og beinu framhaldi af okkar baráttu og Kvvennalistans og er stórkostleg finnst okkur. Algjörlega nauðsynlegt og þarft. Þarna er verið að tala miklu meira en við gátum gert á sínum tíma um hvernig farið er með konur og konur niðurlagðar og kynferðislegt ofbeldi og allt það.¹

Síðan að önnur bylgja femínismans stóð sem hæst hafa komið fram tvær nýjar bylgjur sem mótafst hafa af nýjum hugmyndum og breyttum áherslum í takt við nýja tíma, ólíka samfélagsgerð og félagslega stöðu kvenna. Í þessu hefti *Ritsins* er komið inn á þessar þrjár ólíku stefnur með margvíslegum hætti undir formerkjum ólíkra fræðasviða. Það er kannski til marks um þema heftisins að eingöngu konur svöruðu greinakallinu, en hér birtast sex ritrýndar greinar. Til viðbótar birtum við innan þemans fyrirlestur sem Helga Kress flutti árið 2001 á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Þá birtist utan þema grein Itamar Even-Zohar, „Staða þýðdra bókmennta innan fjölkerfis bókmenntanna“ í þýðingu Jóns Karls Helgasonar.

Grein Ásdísar Helgu Óskarsdóttur „Leiðin er innavið og uppímóti“ fjallar um aðdraganda fjórðu bylgju femínismans í íslensku samfélagi og bókmenntir ungra, íslenskra kvenna sem innlegg í baráttuna og samband þeirra við kvenlíkamann sem hefur óhjákvæmilega orðið miðlægur í öflugum aðgerðum undir svokölluðum myllumerkjum, svo sem #MeToo-hreyfingarinnar. Ásdís Helga færir rök fyrir því að þetta samband endurspegli ýmiss konar togstreitu sem rekja megi til fegurðar- og hegðunarkrafna sem fjölmiðlar eigi drjúgan þátt í að magna upp og þeirrar ógnar sem stafar af ofbeldi af hálfu karlmannna. Hún sýnir fram á að skáldkonurnar noti líkamlegt myndmál með margvíslegum hætti sem feli í sér nokkurs konar svar við ákalli um uppreisn og kvennasamstöðu þvert á kynslóðir.

Í greininni „Hver vill verða hrein mey aftur?“ fjallar Alda Björk Valdimarsdóttir um kynfrelsi og klámvæðingu í pósthfemínískri umræðu. Hún

¹ Arnar Björnsson. „Sagðar í ljótum fötum og illa klipptar“, *RÚV* 24. október 2022, sótt 24. október 2022 af <https://www.ruv.is/frett/2022/10/24/sagdar-i-ljotum-fotum-og-illa-klipptar>.

leitast við að draga fram hvernig pósthfémínisminn er hluti af þriðju bylgju fémínisma og hvernig hann sem slíkur hefur áhrif á fjórðu bylgjuna þrátt fyrir að hugmyndaheimur hans geti hljómað annarlega í ljósi aðgerðarstefnu Metoo-bylgjunnar. Alda Björk sýnir fram á hvernig eitt af einkennum fémínismans er samræða og mótþrói við kynslóðina sem kemur á undan og fjallar sérstaklega um viðhorf stefnunnar til kynfrelsis kvenna, skoðar klámvæðingu í poppmenningu og uppgjörið við Playboy kónginn Hugh Hefner. Þá greinir Alda Björk hina vinsælu þáttaröð *Sex and the City* með hliðsjón af kynvitund, kyngervi og viðhorfum til einhleypu konunnar um síðustu aldamót og ber saman við framhaldsþáttaröðina *And Just Like That*

Leiksagan *Systu megin* eftir Steinunni Sigurðardóttur er viðfangsefni Guðrúnar Steinþórsdóttur í greininni „Dósafríða, flandrari og hrjád dóttir“. Hún beinir sjónum að Systu, aðalpersónu sögunnar, og ræðir um hana sem flandrara og þá samfélagslegu útskúfun og skömm sem hún upplifir vegna fátæktar. Þá skoðar Guðrún sérstaklega hvernig samfélagið og fjölskyldutengsl Systu hefta frelsi hennar og ýta undir að hún gegni tilteknum hlutverkum. Í greiningu á verkinu dregur Guðrún auk þess fram hvernig Steinunn nýtir sér ýmis einkenni hrollvekjuefðarinnar til að varpa ljósi á vanræksluna sem Systa má þola af hálfu móður sínar og greinir, með hliðsjón af leiksögunni, hvernig áföll í bernsku geta haft alvarleg og langvarandi áhrif á líf einstaklings.

Arnfríður Guðmundsdóttir leggur áherslu á upphafsár fémínískrar guðfræði í greininni „Fitjað upp á nýtt“, þegar önnur bylgja fémínismans gerði atlögu að hugmyndafræði og áhrifum feðraveldisins í vestrænum samfélögum. Hún gengur út frá þeirri staðhæfingu að fémínísk gagnrýni hafi orsakað þáttaskil í kristinni guðfræðiumræðu á Vesturlöndum og breytt henni til framtíðar. Arnfríður ræðir um helstu áherslur fémínískrar nálgunar innan guðfræðinnar og þá gagnrýni sem frumkvöðlar hennar settu fram á hefðbundna guðfræðiumræðu, sem hafði í tæp tvö þúsund ár verið að stórum hluta skrifuð af körlum – fyrir karla.

Í greininni „Grænn fémínismi. Vistfémínískir þræðir í íslenskri umhverfispólitík“ fjallar Unnur Birna Karlsdóttir um nokkur meginatriði í hugmyndafræði vistfémínisma og hvernig þessarar stefnu hefur gætt hérlendis í umræðu um jafnréttismál og umhverfisvernd. Hún skoðar upphaf vistfémínisma á Íslandi eins og hann birtist í rituðum heimildum og horfir til upphafs hugmyndastefnunnar hér á landi með hliðsjón af því hvaða hugmyndir voru þar ofarlega á baugi og kannar hvort finna megi áhrif vistfémínisma í stefnu stjórnvalda í umhverfismálum á síðustu árum. Rannsókn Unnar Birnu af-

markast við útgefna stefnu stjórnvalda í umhverfismálum, eins og hún birtist í tilteknum heimildum, en ekki þá hlið málsins hvort kynjaðri umhverfisstefnu hafi verið fylgt eftir í framkvæmd.

Hólmfríður Garðarsdóttir beinir sjónum að þeim aðstæðum sem biðu kvenna í kjölfar hernáms Evrópumanna á Rómönsku-Ameríku í greininni „Þrautseigar og þora!“. Hún fjallar sérstaklega um réttindabaráttu þeirra í kjölfar sjálfstæðis landanna við upphaf 19. aldar og svo aftur á fyrstu árum 21. aldar. Hún færir rök fyrir því að samtakamáttur fjöldahreyfinga kvenna skipti miklu máli og móti raunar baráttu þeirra fyrir auknum borgararéttindum, umráðarétti yfir eigin líkama og ákvörðunarvaldi um eigin velferð. Einkum er rætt um áhrif kennisettinga kaþólsku kirkjunnar varðandi hlutverk karla og kvenna, en hún bendir á að enn í dag sé þetta sú heimsálfa þar sem feðra- og karlveldið situr hvað fastast fyrir.

Í grein sinni ræðir Helga Kress andstöðu karllægrar bókmenntastofnunar við femínískar bókmenntarannsóknir við upphaf þeirra hérlendis, í hvaða myndum hún birtist og helstu einkenni á orðræðu hennar. Hún einskorðar sig við tímabilið 1974–1985 og athugar viðtökurnar eins og þeirra sér stað í skáldverkum, tímaritum og blöðum. Í ljósi þess að umræðan beindist mjög að Helgu sjálfri er fyrirlesturinn einum þræði sjálfsævisögulegur. Mörgum lesendum kann að bregða í brún hversu óvægin umræðan var.

Eins og góðum húsmæðrum sémir bjóðum við ykkur velkomin að hlaðborðinu og minnum á að það er nóg til frammi.

Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir
Ritstjórar *Ritsins*